

71. fundur í safna- og menningamálanefnd, mánudaginn 8. desember 2008, kl. 17:15.

Mættir: Eyþór Benediktsson formaður, Dagbjört Höskuldsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Kristín Víðisdóttir, Erna Guðmundsdóttir, Ragnheiður Óladóttir og Símon Már Sturluson formaður hafnarnefndar.

Formaður setur fund.

1. Styrkumsóknir til Menningarráðs Vesturlands

Rætt um mögulega samvinnu við hafnarnefnd vegna 100 ára afmælis hafskipabryggjunnar 18.júlí 2008. Á fundi bæjarráðs var mælt með að þessir aðilar leggðu saman krafta sína að þessu tilefni. Símon hefur kannað kostnað við gerð kynningarefnis t.d. bæklinga og kynningarskilta og gerir grein fyrir því. Margar hugmyndir sem hægt væri að nýta að þessu tilefni koma fram. Magnús stakk upp á þeim möguleika að setja upp sölusýningu með myndum sem sýndar væri í tilefni afmælisins. Samþykkt að sækja um styrk að upphæð kr. 1.000.000- til kynningarverkefnis á hafnarsvæðinu og þeim mannvirkjum sem þar eru. Dagbjörtu og Eyþóri falið að vinna áfram í málinu ásamt fulltrúum hafnarnefndar. Símon Sturluson vék af fundi.

2. Fjárhagsáætlun fyrir Amtsbókasafn og Vatnasafn

Formaður fer lauslega yfir fjárhagsáætlun og er rekstur safnanna nokkurn vegin á áætlun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:20.

Undirritað:

Eyþór Benediktsson,
Dagbjört Höskuldsdóttir,
Magnús A. Sigurðsson,
Kristín Víðisdóttir,
Ragnheiður Óladóttir,
Erna Guðmundsdóttir.